**Ed.** **212. Nefndarálit**

um frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. nái fram að ganga. Að sjálfsögðu helst ábúðarrjettur óbreyttur, en eftir því sem nefndinni hefir verið tjáð, hefir ábúandi ekki forkaupsrjett að jörðinni, þar sem sýslunefnd hefir látið í ljós, að hún telji jörðina hentuga fyrir skóla, enda er tekið fram í greinargerð frv., að hreppsnefndin ætli hana handa barnaskóla hreppsins.

Alþingi, 24. mars 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. Jónas Jónsson, fundaskr., frsm. Jóh. Jóhannesson.